

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum nr. 54 16. maí 1992, um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum.

Flm.: Kristján Pálsson, Einar Oddur Kristjánsson.

1. gr.

2. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Það telst fullvinnsla í þessu sambandi ef flökun eða flatning botnfisks og flökun uppsjávarfisks er þáttur í vinnslunni.

2. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Skipum, sem leyfi hafa til fullvinnslu afla um borð, er óheimilt að fleygja fiski, fiskhlutum eða fiskúrgangi fyrir borð. Er skylt að koma með að landi allan afla þessara skipa, þar á meðal það sem til fellur við vinnsluna, svo sem hryggi, afskurð, hausa og innyfli eða afurðir unnar úr þeim. Er óheimilt að veita skipum vinnsluleyfi nema aðstaða sé um borð til að fullnægja þessum kröfum og nýta aflann með fullnægjandi hætti.

3. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um fullvinnslu uppsjávar- og botnfiskafla um borð í veiðiskipum.**

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Skipum, sem hafið hafa fullvinnslu botnfiskafla fyrir gildistöku laga þessara, skal veittur frestur til að fullnægja kröfum laganna eða reglugerða settra samkvæmt þeim. Er fresturinn við það miðaður að innan hans sé heimilt að halda áfram fullvinnslu botnfisks með svipuðum hætti og hafin var fyrir gildistöku laganna. Skal fresturinn vera til 1. janúar 2006 en ráðherra getur með reglugerð ákveðið að tilteknum kröfum um nýtingu skuli fullnægt fyrir. Þar er um að ræða nýtingu hausa og hryggja sem til falla við framleiðsluna og hefur verið varpað fyrir borð fram að þessu. Þetta ákvæði tekur einnig til nýrra fullvinnsluskipa sem ekki var samið um smíði eða kaup á með bindandi hætti fyrir 1. júní 2001.

Greinargerð.

Í svari sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn um nýtingu afla af fullvinnsluskipum og öðrum skipum sem vinna aflann um borð (þskj. 732 á yfirstandandi löggjafarþingi) kemur fram að 29 skip hafa leyfi til fullvinnslu og 31 skip þar fyrir utan er með einhverja vinnslu á afla um

borð. Fjöldi skipa sem vinna afla um borð er því samtals 60. Heildarafli þessara skipa upp úr sjó fiskveiðiárið 2000–2001 var 157.816 tonn. Þar af var 92.432 tonnum landað sem afurðum. Á fiskveiðiárinu var því ríflega 60.000 tonnum hent í sjóinn. Af þessum afla eru 42.262 tonn þorskur sem með 44% nýtingu gefa 18.590 tonn í afurðum. Af þessu þorskmagni upp úr sjó eru 11.000 tonn af hausum, 6.000 tonn af hryggjum og 330 tonn af gellum sem allt fer í hafið á síðasta fiskveiðiári utan 678 tonna sem landað var af hausum. Lauslega áætlað er verðmæti í þorskhausum sem hent er 600 millj. kr., í gellum 180 millj. kr. og hryggjum 180 millj. kr. Samtals er því hent í hafið þorskafurðum fyrir um 1 milljarð kr. árlega af vinnsluskipunum. Þá er eftir að verðleggja þau 40 þús. tonn til viðbótar sem hent er fyrir borð. Sá hluti telst vart eins verðmætur og þorskhausinn og hryggurinn. Þó skal það ekki full-yrft því að ekki hefur reynt á hvað hægt væri að fá fyrir þann afla. Við mjölvinnslu fengjust um það bil 500 millj. kr. fyrir þau 8.000 tonn sem áætla má að fengjust úr 40 þús. tonnum af úrgangi. Við fyrrnefnda nýtingu alls þess sem hent er af fullvinnsluskipum í sjóinn miðað við fiskveiðiárið 2000–2001 fengjust því verðmæti upp á 1,5 milljarð kr.

Með lögum nr. 58/1996 féll úr gildi sú skylda að koma með allan afla að landi. Þegar þær breytingar voru lagðar fram til 1. umræðu í þinginu kom fram veruleg andstaða gegn þeim og var bent á þá hættu sem fylgdi svo viðtækri heimild. Komið hefur á daginn að hún hefur valdið gegndarlausri sóun á verðmætum eins og komið hefur fram í umræðunni um brottkast.

Það var vegna mikils kostnaðar útgerðarinnar við stækkun skipa sem afráðið var að hverfa frá áformum um að allur veiddur fiskur yrði að koma að landi vegna þess að kaupa þurfti úr-eldingu dýrum dómum. Ekki þarf lengur að kaupa slíka úreldingu og því ástæðulaust að leggjast gegn tilgangi frumvarpsins þess vegna. Flutningsmenn telja ekki ástæðu til þess að blanda því saman að svo stöddu hvort beinn peningalegur hagnaður sé af einstaka afurð vegna þess ásetnings að veiddur afli verði nýttur. Enda er það svo hjá landvinnslunni að þar er allur afli nýttur og ekki spurt um arðsemi.

Aðeins eitt skip, Þerney, er með mjölvinnslu um borð af þeim fullvinnsluskipum sem hafa leyfi.

Orðalag þeirra breytinga sem boðaðar eru með þessu frumvarpi er mikið til óbreytt frá upphaflegu frumvarpi frá árinu 1991 á 115. löggjafarþingi, 125. mál. Hugmyndin er einnig sú sama, að nýta allan veiddan afla á Íslandsmiðum, sbr. lög nr. 54/1992, um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum.

Heiti laganna er breytt svo að þau nái til allra vinnsluskipa en ekki aðeins skipa sem leyfi hafa til fullvinnslu botnfiskafla þannig að í stað laga um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum komi fullvinnsla uppsjávar- og botnfiskafla um borð í veiðiskipum.

1. gr. nær til allra veiðiskipa sem fullvinna afla um borð.

Fylgiskjal.

Fylgiskjal IV með svari sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Kristjáns Pálssonar um nýtingu afla af fullvinnsluskipum og öðrum skipum sem vinna aflann um borð.

(Þskj. 732, 411. mál á yfirstandandi löggjafarþingi.)

Fylgiskjal IV.

Vinnsla í afurðir eftir fisktegundum (í kg).

Fisktegund	óslægt	heill/ heil	haus- skorinn	slægt	haus- og sporð- skorinn	Flök	Flök með roði/ með beini	Flök roðlaus/ með beini	Flök roðlaus/ með beini án þunnilda	Flök með roði/ beinlaus
Aðrar tegundir	554									
Blálanga			129.017	1.952				20.935		
Broddabakur			168							
Búrfiskur			3.354							
Djúpkarfi og úthafskarfi	257		23.779.128	9.556			286.363	133.909		
Geirmyt			90							
Gjölnir	1.561									
Grálúða			2.564	683	13.911.363					
Guðlax	200									
Gullkarfi	672.685		2.720.446				712	1.242.182		
Gulllax	3.641		2.070.826							
Háfur						1.162				
Hákarl				13.251		10.492				
Hámeri				139						
Hlýri			360.154	1.398	520			17.138		
Keila			30.391	350						
Kolmurni		656.252								
Langa			47.849	15.025				6.001		
Langhali				505	41.325					
Langlúra	74.200			51						
Litli karfi	6.849									
Loðna	446.939									
Lúða			25.569	72.925			119			
Lýsa			55.516	337			2.576			
Náskata										
Rækja		104.160								
Sandkoli	21			774						
Síld						4.377.200				
Skarkoli	78.750			127.688						
Skata	1.585			1.834						
Skrápflúra	62.735	1.245	245.508	66.606						
Skötuselur	13.280			71.184						
Smokkfiskur	27									
Snarphali					2.710					
Sólkoli	39.621			41.420						
Steinbitur			389.894	2.324				5.791		
Stinglax			25	5.918	4.954					
Tindaskata	78.248			13.291						
Trjónufiskur	90									
Tröllakrabbi	351									
Túnfiskur				4.569						
Úfsi			7.711				2.607	2.484.442	477.547	
Ýsa			318.909	99.828			480.919	943.932		425
Þorskur			1.037.654	1.099.924			1.220.598	7.001.492		5.332
Öfugkjafta	1.085		52	2.243						
Samtals	1.482.679	761.657	31.224.825	1.653.775	13.960.872	4.388.854	1.993.894	11.855.822	477.547	5.757

Fisktegund	Flök	Flök								marn- ingur
	roðlaus/ beinlaus	í blokk	í frystingu	í skel	lausfryst í poka	börð	slitinn	soðin	afskurður	
Aðrar tegundir										
Blálánga										
Broddabakur										
Búrfiskur										
Djúpkarfi og úthafskarfi										
Geirmyt										
Gjölnir										
Grálúða									3.156	
Guðlax										
Gullkarfi										
Gulllax										
Háfur										
Hákarl										
Hámeri										
Hlýri										
Keila										
Kolmurni										
Langa										
Langhali										
Langlúra										
Litli karfi										
Loðna			390.816							
Lúða										
Lýsa										
Náskata						1.385				
Rækja		340.069		1.309.055	6.604.575			2.490.122		
Sandkoli										
Sild			375.173							
Skarkoli										
Skata						7.961				
Skrápflúra										
Skötuselur						82	136.560			
Smokkfiskur										
Snarphali										
Sólkoli										
Steinbitur										
Stinglax										
Tindaskata						9.244				
Trjónufiskur										
Tröllakrabbi										
Túnfiskur										
Úfsi	524.257								195.474	
Ýsa	889.923								119.321	
Þorskur	5.925.194								1.549.857	3.240
Öfugkjafna										
Samtals	7.339.374	340.069	765.989	1.309.055	6.604.575	18.672	136.560	2.490.122	1.867.808	3.240

Fisktegund	hausar	hrogn	kinnar	kútt- magar	lifur	svil	mjöl	Afurðir samtals	Afli
Aðrar tegundir							353.990	354.544	554
Blálanga		164						152.068	268.499
Broddabakur								168	233
Búrfiskur								3.354	6.316
Djúpkarfi og úthafskarfi							134.280	24.343.493	44.468.599
Geirmyt								90	200
Gjölnir								1.561	1.561
Grálúða	2.480.932		36					16.398.734	19.271.574
Guðlax								200	200
Gullkarfi								4.636.025	9.542.487
Gulllax								2.074.467	2.942.288
Háfur								1.162	2.905
Hákarl								23.743	56.351
Hámeri								139	218
Hlýri	26							379.236	641.324
Keila								30.741	42.476
Kolmunni								656.252	656.252
Langa								68.875	113.063
Langhali								41.830	90.128
Langlúra								74.251	74.254
Litli karfi								6.849	6.849
Loðna								837.755	837.755
Lúða								98.613	114.264
Lýsa								58.429	102.063
Náskata								1.385	3.356
Rækja								10.847.981	10.847.981
Sandkoli								795	862
Síld								4.752.373	8.270.925
Skarkoli								206.438	217.542
Skata								11.380	21.471
Skráþflúra								376.094	469.235
Skötuselur			3.348	1.960	6.403			232.817	550.376
Smokkfiskur								27	27
Snarphali								2.710	6.000
Sólkoli								81.041	84.645
Steinbitur								398.009	663.819
Stinglax								10.897	17.043
Tindaskata								100.783	121.686
Trjónufiskur								90	90
Tröllakrabbi								351	351
Túnfiskur								4.569	5.482
Úfsi		9.849						3.701.887	8.160.659
Ýsa		13.392						2.866.649	6.867.926
Þorskur	678.524	67.615			526	382		18.590.338	42.262.667
Öflugjafta								3.380	3.601
Samtals	3.159.482	91.020	3.384	1.960	6.929	382	488.270	92.432.573	157.816.157